

Afglæpavæðing fíkniefna

Úttekt

Á undanförunum árum hefur víðs vegar um heim átt sér stað þróun í þá átt að milda refsingar fyrir minni háttar fíkniefnabrot. Portúgalar hafa taldir vera í fararbroddi í afglæpavæðingu fíkniefna eins og lesa má í eftirfarandi yfirliti yfir stöðuna í þessum málum í völdum Evrópulöndum auk Kanada.

Hugtakaskilgreining: Í grófum dráttum má segja að **afglæpavæðing fíkniefna** feli í sér að litið verði á fíkniefnaneyslu sem heilbrigðisvanda sem meðhöndla þurfi í heilbrigðiskerfinu frekar en dómskerfinu. Í stað þess að dæma þá sem brjóta lög in í fangelsi yrði þeim því gert að sækja meðferðarúrræði eða greiða sekt. Með **lögleiðingu fíkniefna** er hins vegar átt við að lög sem banna vörslu og neyslu fíkniefna yrðu felld úr gildi sem myndi gera ríkisvaldinu kleift að hafa eftirlit með og skattleggja sölu og notkun þeirra líkt og gert er með áfengi.

European Monitoring Centre for Drugs and Drug Addiction heldur úti [heimasíðu](#) þar sem hægt er að smella á einstök Evrópulönd og fá á einfaldan hátt helstu upplýsingar um lagaramma, tölfræði um notkun, meðferðarúrræði o.fl.

Bretland

Í [fíkniefnalögunum](#) er fíkniefnum skipt í þrjá flokka (A, B og C) sem stýra refsiramma. Neysla er ekki refsiverð samkvæmt lögunum en refsing við vörslu fíkniefna fer eftir áðurnefndum þremur flokkum:

- A (t.d. heróín og kókaín): Sektir eða allt að sex mánaða fangelsi og þyngri refsingar vegna alvarlegri brota;
- B (t.d. kannabis og amfetamín): Sektir eða allt að þriggja mánaða fangelsi og þyngri refsingar vegna alvarlegri brota;
- C (t.d. benzodíazepín-lyf): Sektir eða allt að þriggja mánaða fangelsi og þyngri refsingar vegna alvarlegri brota.

Í stað sekta eða refsinga geta lögregluyfirvöld stundum gripið til annarra úrræða eins og að veita brotamönnum svokallaða kannabisaðvörun (e. *cannabis warning*) eða lögregluáminningu (e. *caution from police*). Hægt er að skikka brotamann, sem fær skilorðsbundinn fangelsisdóm eða þarf að sinna samfélagsþjónustu, til að sækja meðferðarúrræði.

Notkun kannabis í lækningaskyni

Þann 1. nóvember 2018 var læknum í Bretlandi (en ekki á Norður-Írlandi í bili) veitt heimild til þess að ávísa kannabislyfjum til sjúklinga.

Danmörk

Neysla fíkniefna telst ekki vera lögbrot samkvæmt [lögum um fíkniefni](#). Í lögunum eru varsla og sala fíkniefna refsiverð athæfi og liggja við sektir eða allt að tveggja ára fangelsi. Sektargreiðslur eru yfirleitt álagðar vegna vörslu neysluskammta og fara upphæðirnar eftir magni og tegund fíkniefnisins sem og brotaferli viðkomandi. Við dómsuppkvaðningu má grípa til skilorðsráðstafana ef dómstóllinn telur að refsing sé ekki nauðsynleg og lög kveða á um að meðferðarúrræði geti talist til slíkra skilorðsráðstafana.

Notkun kannabis í lækningaskyni

Sumir læknar hafa getað ávísað lyfjum, sem innihalda kannabis, til ákveðinna sjúklinga frá árinu 2011. Þann 1. janúar 2018 tóku gildi [lög](#) sem leyfa frekari tilraunir með notkun kannabis í lækningaskyni næstu fjögur ár.

Finnland

Í gildi eru [lög um fíkniefni](#) en 50. kf. [hegningarlaganna](#) kveður á um viðurlög við fíkniefnabrotum. Notkun og varsla neysluskammta varða sektum eða allt að sex mánaða fangelsi. Hægt er að falla frá ákæru ef brotið er talið minni háttar eða ef viðkomandi hefur sótt meðferð sem viðurkennd er af félags- og heilbrigðismálaráðuneytinu (síbrotamenn sleppa þó sjaldan við ákæru).

Notkun kannabis í lækningaskyni

Hefur verið lögleg frá árinu 2012.

Frakkland

Neysla og varsla fíkniefna eru lögbrot. Lögin gera hvorki greinarmun á vörslu fíkniefna til einkanota eða til sölu né á tegund. Ákærvaldið horfir til magns efnisins auk annarra þátta þegar tekin er ákvörðun um ákæru. Þannig eru neysluskammtar taldir falla undir neyslu en ekki vörslu og dæmt er eftir því (refsing getur verið sekt og allt að eins árs fangelsi en einnig er hægt að falla frá ákæru í minni háttar brotum og leggja einungis á sekt).

Samkvæmt stefnu sem innleidd var árið 2008 þá nægir í einföldum málum að gefa fíklum viðvörðun auk þess að skylda þá til að sækja fræðslunámskeið um fíkniefni (þeir sem eru ekki fíklar geta þurft að borga fyrir námskeiðið sjálfir). Fíklar, sem ítrekað brjóta lögin, gætu þurft að afplána fangelsisdóm. Í minni háttar fíkniefnabrotum og í þeim tilvikum þegar um er að ræða einstaklinga undir lögaldri er lögð áhersla á fræðslu og úrræði í heilbrigðiskerfinu.

Notkun kannabis í lækningaskyni

Árið 2013 leyfðu heilbrigðisyfirvöld lyfið Sativex, sem inniheldur kannabínóíða, til sjúklinga með MS.

Holland

Fíkniefnaneysla er ekki lögbrot en við ákveðnar aðstæður, s.s. í návist ungmenna á skólalóðum eða á almenningssvæðum, þ.m.t. almenningssamgöngum, er neysla ekki leyfð og er það lögregluyfirvalda að framfylgja því. Varsla og sala fíkniefna eru ólögleg og varða refsingum. Lögregla einbeitir sér ekki sérstaklega að því að hafa hendur í hári þeirra sem hafa litla skammta til einkaneyslu undir höndum. Samkvæmt viðmiðunarreglum ákærvaldsins þá er varsla á allt að 5 g af kannabisefnum leyfð (ekki er gerð lögreglurannsókn). Ekki er ákært fyrir vörslu á allt að 30 g af kannabisefnum ef þau eru ætluð til einkaneyslu. Varsla er lögleg á sérstökum kannabiskaffihúsum og refsilaus þegar um er að

ræða allt að 5 g. Sala er að auki lögleg á þessum kaffihúsum. Flutningur er ólöglegur og ræktun allt að fimm plantna er refsilaus. Plöntum er eytt ef þær eru haldlagðar. Í þeim tilvikum þegar um er að ræða vörslu á litlum skömmtum (allt að 0,5 g) af harðari efnum (sem falla undir „flokk I“ fíkniefna) þá er almennt ekki ákært í þeim málum, en efnin eru gerð upptæk og brotamanni vísað í meðferðarúrræði. Ef um sölu er að ræða er heimilt samkvæmt lögum að senda síbrotamenn í meðferð utan fangelsismúranna auk fangelsisvistar.

Notkun kannabis í lækningaskyni

Hefur verið lögleg frá árinu 2003.

Kanada

Neysla er ekki lögbrot samkvæmt [fíkniefnalögum](#) en það er varsla þeirra hins vegar og varðar hún sektum eða allt að sjö ára fangelsi eftir tegund fíkniefnis. Hægt er að slá refsingu á frest ef brotamaður sækir meðferð og ef hann lýkur henni þá þarf dómstóll ekki að láta hann sæta lágmarksrefsingu við því broti sem hann var fundinn sekur um.

Á árinu 2018 varð Kanada annað landið í heiminum á eftir Úrúgvæ til þess að lögleiða kannabisnotkun í afþreyingarskyni. Samkvæmt [kannabislögum](#) eru settar strangar reglur um framleiðslu, dreifingu, sölu og vörslu kannabisefna og þrjú meginmarkmið laganna eru að halda slíkum efnum frá ungmennum, koma í veg fyrir að glæpamenn græði á þeim og að standa vörð um heilsu og öryggi almennings með því að veita fullorðnum (18 ára og eldri) aðgang að löglegum kannabisefnum.

Einstaklingar, 18 ára og eldri, mega hafa í sinni vörslu allt að 30 g (einstök fylki og sjálfsstjórnarsvæði geta lækkað þetta hámark) af löglegum tegundum af kannabis á almannafæri, deila efninu með öðrum fullorðnum, kaupa og selja þurrkað eða ferskt kannabis og kannabisolíu frá löggiltum smásala, rækta allt að fjórar kannabisplöntur á hverju heimili til einkaneyslu og búa til vörur úr kannabis heima hjá sér, s.s. mat og drykk.

Alríkisstjórnin hefur eftirlit með því að viðurlögum sé beitt sem og löggildingu framleiðenda en einstök fylki og sjálfsstjórnarhéruð stýra því hvernig sölu, dreifingu o.þ.h. fer fram og [geta þau sett strangari reglur](#) þar að auki eins og t.d. um aldurstakmörk.

[Nánari upplýsingar um lögleiðingu kannabiss í Kanada](#)

Notkun kannabis í lækningaskyni

Hefur verið lögleg frá árinu 2001.

Noregur

Í Noregi eru ekki sérlög um ólögleg fíkniefni heldur er kveðið á um þau í lyfjalögum og hegningarlögum. Notkun og varsla neysluskammta teljast vera lögbrot samkvæmt [lyfjalögum](#) og varða sekt eða allt að sex mánaða fangelsi.

Samkvæmt [lögum um fullnustu refsinga](#) er möguleiki á heilsdagsvistun á meðferðarstofnun undir eftirliti, ef nauðsyn krefur, frekar en fangelsisvistun. Árið 2006 hófst þriggja ára reynslutímabil á meðferðarúrræði við fíkniefnavanda sem lýtur stjórn dómstóla. Stjórnvöld festu það í sessi sem viðvarandi úrræði á landsvísi árið 2016 ([reglugerð um úrræðið](#)). Fíklar, sem fá skilorðsbundinn dóm, geta farið í meðferð en ef þeir klára hana ekki þurfa þeir að afplána refsingu í fangelsi.

Samkvæmt [stjórnarsáttmála norsku ríkisstjórnarinnar](#) er nú stefnt að því að í stað þess að fíklum verði gerð refsing fyrir fíkniefnabrot að þá verði þeim veitt aðstoð og meðferð við fíkn sinni og myndi því ábyrgðin færast frá dómstólunum yfir í heilbrigðiskerfið. Ríkisstjórnin hyggst þó ekki ganga svo langt að lögleiða fíkniefni. Í mars 2018 skipaði ríkisstjórnin [starfshóp](#) til að undirbúa þessar breytingar og á starfshópurinn að skila af sér tillögum eigi síðar en í árslok 2019.

Notkun kannabis í lækningaskyni

Frá árinu 2016 hafa læknar getað ávísað lyfjum, sem innihalda kannabis, til ákveðinna sjúklinga.

Portúgal

Neysla, öflun og varsla ólöglegra fíkniefna voru afglæpavædd með lögum sem samþykkt voru árið 2000 og tóku gildi ári síðar. Þessi fíkniefnabrot eru því ekki lengur álitin vera refsilagabrot að viðlagðri fangelsisrefsingu heldur sérrefsilagabrot. Skilgreint hefur verið meðalneyslumagn til 10 daga en ef magnið er meira þá getur fangelsisvist legið við. Ræktun, framleiðsla og sala á fíkniefnum eru áfram refsilagabrot.

Sektarupphæðir fara eftir tegund fíkniefnis. Sérstakar svæðisbundnar nefndir gefa út ákærur vegna brota og ákvarða refsingar en meginmarkmiðið er að athuga hvort þörf sé á meðferð og að stuðlað sé að því að viðkomandi nái góðum bata. Í nefndinni sitja lögfræðingur, læknir og félagsráðgjafi. Lögregluþyrirvöld eru ábyrg fyrir innheimtu fjársekta og framfylgja annars konar refsingum. Þeir sem ekki eru fíklar geta átt yfir höfði sér fésekt eða annars konar viðurlög án fjársekta. Fíklar eru yfirleitt ekki sektaðir. Við fyrsta brot skal tímabundið falla frá málarekstri ef fíkill samþykkir að fara í meðferð. Í tilviki endurtekinna brota er nefndinni heimilt að falla frá málarekstri ef fíkillinn samþykkir að undirgangast meðferð.

Samhliða þessum breytingum á lögum voru settir miklir fjármunir í meðferðarúrræði, endurhæfingu og forvarnir. Rannsóknir hafa sýnt að fíklum hefur fækkað umtalsvert í Portúgal og á það við um allar tegundir fíkniefna. Dauðsföllum vegna fíkniefnaneyslu hefur fækkað mikið og deyja nú hlutfallslega næstfæstir af völdum fíkniefna í Portúgal sé miðað við Evróplönd og er dánartíðnin langt undir meðaltali Evrópulanda.

[Nánar um áhrifin í Portúgal](#)

Árið 2015 lýstu Sameinuðu þjóðirnar yfir mikilli ánægju með lausn Portúgala:

[Yfirlýsing SP – United Nations International Narcotics Control Board](#)

Notkun kannabis í lækningaskyni

Þrátt fyrir afglæpavæðingu fíkniefna þá hafa Portúgalar ekki leyft notkun kannabis í lækningaskyni nema að mjög takmörkuðu leyti. Frá árinu 2012 hafa læknar mátt ávísa lyfinu Sativex, sem inniheldur kannabínóíða, til sjúklinga með MS.

Svíþjóð

Neysla og varsla fíkniefna eru lögbrot samkvæmt [fíkniefnalögunum](#) og fara viðurlög eftir alvarleika brota en þau eru flokkuð í þrennt: minni háttar, meðalalvarleg og alvarleg. Þegar alvarleiki brots er metinn er einnig haft til hliðsjónar tegund og magn fíkniefnisins, sem brotamaður neytti eða hafði í vörslu sinni, auk annarra þátta. Minni háttar brot geta varðað sektum eða allt að sex mánaða fangelsi, meðalalvarleg brot varða allt að þriggja ára fangelsi, alvarleg brot varða 2-7 ára fangelsi og sérstaklega alvarleg brot varða 10 ára fangelsi.

Einnig eru í gildi [lög](#) sem gilda um efni sem hafa skaðleg áhrif á heilsu fólks, önnur en fíkniefnalögin taka til. Samkvæmt þessum lögum varða innflutningur, afhending, framleiðsla, sala og varsla slíkra efna sektum eða allt að eins árs fangelsi.

Notkun kannabis í lækningaskyni

Frá árinu 2012 hafa læknar getað ávísað lyfinu Sativex, sem inniheldur kannabínóíða, til sjúklinga með MS.

Þýskaland

Fíkniefnaneysla telst ekki vera lögbrot samkvæmt [fíkniefnalögum](#) en allt að fimm ára fangelsi liggur við vörslu fíkniefna. Þegar um er að ræða neysluskammta þá bjóða lögin upp á ýmsa aðra möguleika en að gefa út ákæru. Mikilvægar forsendur fyrir slíkum ákvörðunum eru magn og tegund fíkniefnisins, aðkoma annarra, brotaferill og hvort ákæra myndi þjóna almannahagsmunum. Flest sambandsríki (*länder*) Þýskalands hafa skilgreint hvað teljast „litlir skammtar“ af kannabis og sum hafa gert hið sama varðandi heróín, kókaín, amfetamín og MDMA/ecstasy. Ef brotamanni býðst kostur á að fara í meðferð við fíknivanda sínum í stað þess að sæta refsingu þá getur það haft í för með sér að hinni eiginlegu refsingu verði slegið á frest eða hún jafnvel gefin eftir.

Notkun kannabis í lækningaskyni

Hefur verið lögleg frá mars 2017.